

Ed.

106. Nefndarátt

um frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp sama efnis sem þetta var flutt á síðasta þingi af hv. þm. Austur-Húnavetninga. Var það afgreitt á þann hátt, að því var vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari rannsóknar. Nú hefir ríkisstjórnin látið rannsóka hafnarstæðið að nýju og gera nýja áætlun um kostnað við hafnargerð á þessum stað. Áætlunin sýnir, að mannvirki þetta muni kosta um 700 þús. krónur.

Nefndin litur svo á, að hafnargerð á þessum stað sje mjög nauðsynleg fyrir sveitir þær, sem þar að liggja, sem og vegna fiskiflota landsmanna, þó einkum sildveiðiskipa. Vill hún því mæla með hafnargerðinni. Hinsvegar getur hún ekki fallist á fyrirmæli frv. um skifingu fjárframlaga til verksins milli ríkissjóðs og viðkomandi hjeraðs. Hingað til hefir það verið aðalreglan, þegar slík lög sem þessi hafa verið afgreidd frá Alþingi, að ákveða ríkissjóðs-tillag $\frac{1}{4}$ byggingarkostnaðar, en viðkomandi hjerað legði fram $\frac{3}{4}$, en frv. þetta gerir ráð fyrir ríkissjóðstillagi að $\frac{1}{2}$. Vill nefndin ekki ganga inn á þá

braut, að rikissjóður leggi fram $\frac{1}{2}$ kostnað við byggingu slikra mannvirkja, en getur eftir atvikum fallist á, að um þessa hafnargerð verði þó vikið frá venjunni og rikissjóður leggi fram $\frac{1}{3}$ kostnaðarins, án þess að það beri að skoða sem fordæmi fyrir fjárframlögum til slikra mannvirkja síðar.

Þá vill nefndin heldur ekki ganga inn á fyrirmæli 2. gr. frv. um að heimila viðlagasjóðslán til hafnarsjóðs Skagastrandar á þeim hluta kostnaðarins, sem honum eða viðkomandi hjeruðum ber að leggja fram, en leyfir sjer að leggja til, að ríkisstjórninni verði heimilað, fyrir hönd rikissjóðs, að ábyrgjast alt að 470 þús. króna lán, er hafnarsjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðar, að tilskilinni ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgrein 1. gr. orðist þannig:

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitist úr rikissjóði $\frac{1}{3}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, alt að kr. 235000 — tvö hundruð þrjátíu og fimm þúsund krónur — gegn tvöföldu tillagi frá hafnarsjóði Skagastrandar.

2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs alt að kr. 470000 — fjögur hundruð og sjötíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu. Tillagið úr rikissjóði og ábyrgð rikissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sje falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

Alpingi, 13. mars 1929.

Erlingur Friðjónsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskrifari og frsm.

H. Steinsson.